

REGLUR

um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka með síðari breytingum

1. gr.

Orðalagi lokasetningar 1. mgr. 2. gr. skal breytt á þá leið að orðunum „ ... , *nema annað sé sérstaklega tekið fram*“ skal bætt inn á eftir orðinu „*mánaðarlega*“. Lokasetning 1. mgr. 2. gr. skal því hljóða svo eftir breytinguna:

Færsluákvörðun, á grundvelli þessara reglna, skal tekin mánaðarlega, nema annað sé sérstaklega tekið fram, og birt í framlegðarskrá.

2. gr.

Orðalagi og töflu 6. gr. skal breytt og vera svohljóðandi eftir breytinguna:

Við færsluákvörðun skal vara í reynsluflokki fá tilfærslu í kjarnaflokk ef hún uppfyllir bæði árangursviðmið neðangreindrar töflu. Tilfærsla er óháð því hve lengi vara hefur verið í reynsluflokki.

Vöruvalsdeild	Lágmarksframlegð	Færslumánuður og fjöldaviðmið											
		jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
B1	120 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
B3	90 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
B4	120 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
F1	60 þús. kr.	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
S1	60 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
S2	60 þús. kr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
V1	60 þús. kr.	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8
V2	180 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
V3	60 þús. kr.	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2

3. gr.

Orðalagi 7. gr. skal breytt og skal hún hljóða svo eftir breytinguna:

Þegar framlegð vöru er ákvörðuð vegna töku færsluákvörðunar skv. kafla þessum skal, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr., eingöngu taka mið af sölu í gegnum kassakerfi vínbúða. Við ákvörðun framlegðar vöru skv. kafla þessum skal því t.a.m. ekki tekið tillit til sölu af veisluvínslager.

4. gr.

Við 10. gr. skal bætast ný málsgrein, sem verður 1. málsgrein, og verður núverandi 1. málsgrein þá 2. málsgrein. Hin nýja málsgrein skal vera svohljóðandi:

Færsluákvörðun skv. kafla þessum skal tekin þrisvar sinnum á ári, þ.e. í mars, júlí og nóvember, og koma til framkvæmda u.þ.b. 3 mánuðum síðar.

5. gr.

Töflu 10. gr. skal breytt og skal hljóða svo eftir breytinguna:

Vöruvalsdeild	Fjöldaviðmið
B1	100
B3	50
B4	30
F1	40
S1	50
S2	100
V1	310
V2	60
V3	30

6. gr.

Orðalagi 11. gr. skal breytt á þá leið að vísa skal til „2. mgr. 10. gr.“ í stað „10. gr.“.

7. gr.

Við 12. gr. skal bætast ný málsgrein, sem verður 1. málsgrein, og verður núverandi 1. málsgrein þá 2. málsgrein. Hin nýja málsgrein skal vera svohljóðandi:

Færsluákvörðun skv. kafla þessum skal tekin þrisvar sinnum á ári, þ.e. í mars, júlí og nóvember, og koma til framkvæmda u.þ.b. 3 mánuðum síðar.

8. gr.

Orðalagi 13. gr. skal breytt á þá leið að vísa skal til „2. mgr. 12. gr.“ í stað „12. gr.“.

9. gr.

Orðalagi 1. mgr. 16. gr. skal breytt á þá leið að vísa skal til „2. mgr. 10. gr.“ í stað „10. gr.“.

10. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. skal fellt út.

11. gr.

Við kafla V. skal bætast ný grein sem verður númer 17. Núverandi 17. grein skal verða 18. grein og svo koll af kolli. Hin nýja 17. gr. skal hljóða svo:

Tilfærsla vöru í kjarnaflokk skv. 16. gr. er óháð því hve lengi varan hefur verið í sérflokki við færsluákvörðun.

12. gr.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar að frátöldum ákvæðum 4. og 7. gr. sem öðlast gildi hinn 28. febrúar 2022.

Reykjavík, 11. janúar 2022,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir